

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

#### 1. gr.

Á eftir 1. mli. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi við:  
Matvælastofnun getur þó veitt leyfi til flutnings lamba með verndandi arfgerðir gegn riðu milli hjarða innan sýktra svæða. Stofnunin getur jafnframt veitt leyfi til flutnings á hrútum á sæðingarstöðvar að því tilskildu að hægt sé að halda hrútunum í einangrun á stöðvunum.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum, og búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.  
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 6. júní 2023.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Margrét Björk Sigurðardóttir.*